



**96. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
miðvikudaginn, 30. september, 2004, kl. 18:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Tilkynning um aukaársping SSNV.
3. Beiðni um þátttöku í sjálfseignarstofnun um rekstur "Textílsseturs Íslands" á Blönduósi.
4. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

**1. Atvinnumál.**

**a. Bruni í Votamúla.**

*Fundarmenn ræddu eldsvoðann í Votmúlanum að morgni 28. september sl. og áhrifa á atvinnulífið á staðnum. Bæjarstjóri greindi frá fundi með forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem urðu fyrir tjóni í eldsvoðanum.*

*Mikið tjón er af brunanum en ljóst er að slökkviliðsmönnum svæðisins með aðstoð slökkviliðs Skagastrandar og Húnaþings vestra tókst með faglegum vinnubrögðum og miklu harðfylgi að afstýra því að eldur teygði sig yfir í norðurenda hússins. Bæjarráð þakkar starfsmönnum þessara þriggja slökkviliða heilshugar fyrir vel unnin störf og ómetanlegs framlags í þágu samfélagsins.*

**b. Umsókn um byggðakvóta.**

*Bæjarstjóri kynnti umsókn um byggðakvóta ásamt greinargerð til sjávarútvegsráðuneytisins.*

**2. Tilkynning um aukaársping SSNV.**

*Boðað er þingsins 29. október nk. að Löngumýri í Skagafirði kl. 14:00.*

**3. Beiðni um þátttöku í sjálfseignarstofnun um rekstur "Textílsseturs Íslands" á Blönduósi.**

*F.h. undirbúningshóps um stofnun "Textílsseturs Íslands" óskar bréfitari, Páll Pétursson, eftir því að sveitarfélagið gerist stofnaðili að sjálfseignarstofnun með framlagi að upphæð 1 milljón kr.*

*Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því erindinu til endurskoðunar á fjárhagsáætlun ársins og til fjárhagsáætlunar 2005.*



**4. Önnur mál.**

**a. Trúnaðarmál.** *Bókað í trúnaðarbók.*

**b. Útboð verkefna / framkvæmda.** *Rætt almennt um verkefni og framkvæmdir á vegum bæjarins.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundu slitið kl 19:35.***

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)  
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)